



7. júní 2019  
1906006

Nefndasvið Alþingis  
nefnasvid@althingi.is  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík


Með tölvupósti dags. 4. júní 2019, óskaði fjárlaganefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun nr. 10/148 um fjármálastefnu 2018-2022, 953. mál.


Snarpur viðsnúningur efnahagssumsvifa í ár gerir það að verkum að framleiðsluspenna minnkar hraðar en áður var talið og samkvæmt nýbirtri þjóðhagsspá Seðlabankans sem birt var í *Peningamálum* 22. maí sl. er talið að slaki myndist í þjóðarþúinu í lok þessa árs sem hverfi aftur undir lok þess næsta.

Afkoma ríkissjóðs er mjög háð þróun hagsveiflunnar eins og hún birtist í breytingum í framleiðsluspennu, sérstaklega á tekjuhlið. Einnig hafa komið til töluverðar sértækar aðgerðir sem hafa verið til þess fallnar að rýra afkomu ríkissjóðs, m.a. aðgerðir í tengslum við nýlega kjarasamninga. Því þarf ekki að koma á óvart að viðmið núgildandi fjármálastefnu um afgang á rekstri ríkissjóðs haldi ekki enda voru viðmiðin sett hátt í ljósi þess hver ætluð afkoma samkvæmt fjármálaáætlunum var. Ljóst var að ekki mátti miklu skeika í afkomunni til hins verra án þess að farið yrði niður fyrir viðmið fjármálastefnunnar. Einnig er ljóst að töluverð óvissa er um efnahagshorfur og því kann að vera rétt að gera ráð fyrir rýmra óvissusvigrúmi en áætlunin gerir.

Ekki er unnt að gera ítarlegri úttekt á fjármálastefnunni innan þess stutta tímafrests sem gefin er en ítarlegri greiningu á ríkisfjármálum og aðhaldsstigi þeirra verður að finna í vetrarhefti *Peningamála*. Þá tekur bankinn ekki afstöðu til þess hvar afkomuviðmið fjármálastefnunnar skulu liggja enda þar um að ræða stefnumarkandi ákvörðun ríkisfjármála.

Virðingarfyllt  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

  
Már Guðmundsson  
seðlabankastjóri

  
Þórarinn G. Pétursson  
aðalhogfræðingur